

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. desember 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er varðar eftirfarandi:

1. Lóðinni nr. 4 við Skildingatanga hefur verið breytt í tvær einbýlishúsalóðir og er hvor um sig u. þ. b. 780 m² að stærð.
2. Í stað opinberra stofnana á reit 1.251.0, milli Tónabíós og Brautarholts annars vegar og Skipholts og Laugavegar hins vegar, verði gert ráð fyrir stofnun og byggingu einkafyrirtækis.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. desember 1975.

Nr. 552.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41 24. mars 1956, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 75 000 — sjötíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—75 000, og auk þess merki D. A. S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrést. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 6 000 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti a. m. k. kr. 216 000 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D. A. S. ákveður fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 800.00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 400.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 3. maí ár hvert, og síðan 3. hvers mánaðar, í janúar þó 8. þess mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum eða

fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir.

5. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 75 000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 75 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum. Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn D. A. S. semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda frá og með 1. flokki 1976.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 73 24. febrúar 1975.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.